



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 23

Október 1988

HAUSTFUNDUR

Haustfundur verður haldinn að Hótel Lind,
Rauðarárstíg, þriðjudaginn 25. október 1988,
kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Hofsjökull og vesturhluti Vatnajökuls:
yfirborð, botn, ísþykkt, straumlinur,
ísa- og vatnaskil. - *Helgi Björnsson*.
2. Kaffi.
3. Myndir úr vélsleðaferðum um Kjöl og
Langjökul. - *Bragi Hannibalsson*.

HAUSTFUNDUR

Undanfarin tíu ár hefur Raunví sindastofnun í samvinnu við Landsvirkjun unnið að gerð korta af yfirborði og botni jöklar. Nú hefur öllum kortunum verið slegið saman í kortasafn, sem mun gefið út í haust, en verður áður sýnt og skýrt á fræðslufundi JÖRFI 25. október.

Kortin af yfirborði eru fyrstu nákvæmu kort, sem gerð hafa verið af jöklunum. Botnkortin sýna áður óþekkt land undir jöcli, dali, hryggi og eldstöðvar (Grímsvötn, Bárðabungu, Hamarinn, Hofsjökulsöskjuna). Ennfremur eru kort, sem sýna ísþykkt, rennslistefnu íss og vatns að jökulám (Köldukvísl, Sylgju, Tungnaá, Skaftá, Þjórsá, Jökulfalli, Blöndu og Jökulsánum í Skagafirði) og jarðhitasvæðum (Grímsvötnum og sigkötłunum norðvestan við Grímsvötn), legu vatna og ísaskila.

Að afloknu kaffihléi mun Bragi Hannibalsson sýna myndir úr vélsleðaferðum um Kjöl og Langjökul. Fundurinn verður að Hótel Lind og byrjar kl. 20:30.

BORUN Í JÖKULHEIMUM

Í lok vorferðar síðast liðið vor var ákveðið að reyna borun eftir köldu vatni við Jökulheima og nýta sér þannig þau tæki sem notuð höfðu verið við borun fjögurra gufuhola á Grímsfjalli. Eins og menn vita stendur skálinn í Jökulheimum á hrauni og nærri jaðri þess. Austan við hraunið, um 7-9 m neðar, stendur oft vatn og var vonast til að þar væri grunnvatn og að borun í hraunið við skálann mundi ná í vatn á 7-10 m dýpi.

Þann 11. júní var borað rétt við nýja skálann. Eftir um 3 stunda borun með tilheyrandi viðgerðum náði holan 17,5 m dýpi. Hraunið er þarna um 15,5 m á þykkt og festist borinn í hrungjörnum lögum undir hrauninu, en ekkert vatn kom í holuna. Framtíðarlausn á neysluvatnsmálum Jökulheima náðist því ekki, enda mun grunnvatnsborð trúlega vera nálægt því hið sama og í Hraunvötnum, en þau eru í tæplega 600 m hæð.

HÚSIÐ Á FJALLINU

Við byggingu og flutning Grímsvatnaskála II veturinn 1986-1987 tók Saga film um 30 mín langa videomynd. Er þar rakin byggingasaga skálans og hinn vel hepnaði flutningur hans á Grímsfjall. Þeir sem hug hafa á að eignast þessa mynd skulu hafa samband við Jón Ísdal, heimasimi 42514, sem fyrst. Verð myndarinnar mun verða um 1200 kr. Athugið að eldri pantanir verður að endurnýja.

13. SEPTEMBERFERÐ JÖRFI 1988

Farið var að kvöldi föstudags 9. september og komið í Jökulheima um kl. 02:00 eftir rólega ferð í þoku og rigningu. Fyrir voru í skálanum jarðfræðingarnir Snorri P. Snorrason og Elsa Vilmundardóttir, en þau höfðu verið þarna innfrá undanfarið við rannsóknarstörf. Að morgni laugar-dags var enn rakt veður og var áætlunin að fara í skoðunar-og gönguferð. Elsa og Snorri voru tilbúin að fara með fólkini og skýrdu út jarðsögu þess svæðis sem farið yrði um. Ekið var norður undir Dórinn, gengið með Nornakötlum vestur yfir Tröllahraun í Heljargjá og að Gjáfjöllum og síðan að bílnum. Tók ferðin um 6 klst. Var veður í rakara lagi og urðu margir vel blautir á göngunni. Nokkrir urðu eftir í Jökulheimum og máluðu veggi skálanna. Er menn höfðu jafnað sig eftir göngu og málningu og höfðu snætt var upphafinn söngur o.fl. með gitarspili góðu þeirra Jórunnar og Snorra. Stóð fagnaðurinn að vanda vel fram yfir miðnætti.

Sunnudagsmorguninn 11. rann upp bjartur með vægu frosti. Málarar tóku til starfa og máluðu þök allra húsanna, en gönguglaðir óku inn undir Jökulkrók og skoðuðu sig þar um. Þeir sem heima voru hreinsuðu einnig nágrenni skálanna, en mikið var af alls konar umbúðum í hrauninu í kring. Ferðalangar sem leið eiga í Jökulheima og viðar um óbyggðir eru hvattir til að hafa með sér til baka allt rusl. Á heimleiðinni var farið norður að gígnum Mána, en hann er nyrstur þriggja gíga sem eru í jarðfalli NA af Þórisvatni. Komið var í bæinn um kl. 20 eftir sérstaklaga ánægjulega ferð. Í ferðina fóru 22 og var ánægjulegt að sjá þar ungt fólk sem ekki hefur tekið áður þátt í þessum ferðum, en fyrsta "13. september" ferðin var farin 1956.

ÁRSHÁTÍÐ

Hin bráðskemmtilega árshátið JÖRFI 1988,
verður haldin þann 5. nóv. n.k. í

NORDURLJÓSUM,

Brautarholti 20. Húsið opnar kl. 19:00.
Borðhald hefst kl. 20:00.

Miðar verða seldir á Rakarastofunni Dalbraut
1, sími: 686312 og hjá Jóni Sveinssyni,
Raunvísindastofnun, sími: 694778. Áríðandi
er að búið sé að kaupa miða fyrir hádegi á
fimmtudag þann 3. nóv.